



Fundargerð

Tilv. 1801077/2.10.1

Fundur:	Grisjunarráð 8/2018.
Dagsetning og tími:	26. september 2018, kl. 12.
Boðaðir:	Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir:	Allir mættir
Fundarritari:	Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grísjunarráðs dags. 4. júlí 2018.
2. Grísjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – færslulistar úr aðalbókhaldi (málsnr. 1805110).
3. Grísjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – reikningsyfirlit (málsnr. 1805111).
4. Grísjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar skuldabréfa (málsnr. 1805112).
5. Grísjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar sparisjóða (málsnr. 1805114).
6. Grísjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – Visa tölvulistar og yfirlit vegna Visa (málsnr. 1805115).
7. Grísjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar víxla og innheimtuvíxla (málsnr. 1805116).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar grísjunarráðs dags. 4. júlí 2018.

Fundargerð grísjunarráðs frá 4. júlí 2018 samþykkt og undirrituð.

2. Grísjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – færslulistar úr aðalbókhaldi (málsnr. 1805110).

Beiðnin var samþykkt. Landsbanka Íslands er heimilt að eyða umbeðnum færslulistum úr aðabókhaldi sem ná yfir tímabilið 1982–1997 með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.



3. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – reikningsyfirlit (málsnr. 1805111).

Beiðnin var samþykkt. Landsbanka Íslands er heimilt að eyða umbeðnum reikningsyfirlitum sem ná yfir tímabilið 1934–1991 með því skilyrði að varðveita öll skjöl til ársins 1970 og eftir þann tíma sem sýnishorn öll skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að varðveisla allra skjala til ársins 1970 hefur sögulegt gildi og sýna skjölin samfellu frá 1934–1970. Eftir þann tíma er skilyrði um sýnishornatöku eins og með önnur bókhaldsgögn.

4. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar skuldabréfa (málsnr. 1805112).

Beiðnin var samþykkt. Landsbanka Íslands er heimilt að eyða umbeðnum tölvulistum skuldabréfa sem ná yfir tímabilið 1984–1997 með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

5. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar sparisjóða (málsnr. 1805114).

Beiðnin var samþykkt. Landsbanka Íslands er heimilt að eyða umbeðnum tölvulistum sparisjóða sem ná yfir tímabilið 1967–1996 með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

6. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – Visa tölvulistar og yfirlit vegna Visa (málsnr. 1805115).

Beiðnin var samþykkt. Landsbanka Íslands er heimilt að eyða umbeðnum Visa tölvulistum og yfirlitum vegna Visa sem ná yfir tímabilið 1984–1998 með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

7. Grisjunarbeiðni Landsbanka Íslands dags. 31. maí 2018 – tölvulistar víxla og innheimtuvíxla (málsnr. 1805116).

Beiðnin var samþykkt. Landsbanka Íslands er heimilt að eyða umbeðnum tölvulistum víxla og innheimtuvíxla sem ná yfir tímabilið 1979–1997 með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin



innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi.
Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

Fundi slitið kl. 12:49.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)